

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsháttu
örorkunefndar nr. 335 16. ágúst 1993 með síðari breytingum.

1. gr.

6. gr., sbr. reglugerð nr. 19 4. janúar 1996, orðist svo:

Gjald fyrir álit samkvæmt 1. gr. greiðist í ríkissjóð og skal vera sem hér segir:

1. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss fyrir 1. maí 1999, kr. 100.000.
 2. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss eftir 1. maí 1999 í tilvikum þar sem aðilar eru sam-mála um að leggja matsbeiðni fyrir örorkunefnd án undanfarandi mats annarra, kr. 100.000.
 3. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss eftir 1. maí 1999, þar sem óskað er endurskoðunar á mati sem aðrir hafa framkvæmt, kr. 180.000.
 4. Gjald fyrir mat í kjölfar beiðni um endurupptöku máls, kr. 60.000.
- Greiðsla skal fylgja beiðni um mat samkvæmt 1.–4. tl. Sé beiðni um mat vísað frá skal endurgreiða þeim sem beiðid hefur um mat.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10 gr. skaðabótalaga nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 37/1999, öðlast gildi 1. apríl 2005.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. mars 2005.

Björn Bjarnason.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um atvinnuréttindi útlendinga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi. Um undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi gilda ákvæði III. kafla laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga og 3. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

1. *Atvinnuleyfi.* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa hér á landi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi.* Tímabundið leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.